

## FW: Erindi til bæjarráðs

**Til** : Elín S. Kristinsdóttir  
**Frá** : Kristján Sturluson  
**CC** : Haraldur Líndal Haraldsson  
**Heiti** : FW: Erindi til bæjarráðs  
**Málsnúmer** : 1507311  
**Málsaðili** : Félag ungra jafnaðarm Hafnarf  
**Skráð dags** : 22.07.2015 13:20:14  
**Höfundur** : Kristján Sturluson

Sæl Elín.

Getur þú stofnað mál um þetta erindi?

B.kv.

Kristján

**From:** Oskar Steinn Ómarsson [mailto:oskarsteinno@gmail.com]

**Sent:** 21. júlí 2015 18:47

**To:** Kristján Sturluson

**Cc:** //siggih@hafnarfjordur.is

**Subject:** Erindi til bæjarráðs

Sæll Kristján,

Ég var að tala við Sigurð Haraldsson hjá umhverfis- og framkvæmdasviði. Hann benti mér á að Strandgata 4 (veggurinn sem snýr að hringtorginu) gæti hentað undir þetta verkefni. Við urðum sammála um að ég skyldi senda þér formlegt erindi sem ég vonast til að verði tekið upp á næsta fundi bæjarráðs.

--

*Til bæjarráðs Hafnarfjarðar 21/07/2015.*

*Bersinn - félag Ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði óskar þess að fá að mála regnbogafána hinsegin fólks á vegg á húsi Hafnarfjarðarbæjar við Strandgötu 4.*

*Tillaga um hinseginfræðslu, sem afgreidd var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í apríl síðastliðnum, vakti mikla athygli um land allt. Hafnfirðingar hafa fulla ástæðu til að vera stoltir af tillögunni, sem nokkur önnur sveitarfélög hafa tekið upp í kjölfarið.*

*Sem minnisvarða um brautryðjendastarf Hafnarfjarðar í málefnum hinsegin fólks vilja Ungir jafnaðarmenn í Hafnarfirði fá að mála vegg hússins við Strandgötu 4 í litum baráttufána hinsegin fólks. Myndi fáninn virka sem skilaboð um að í Hafnarfirði sé hinsegin fólk velkomið og fjölbreytileikanum fagnað. Auk þess væri hann dagleg áminning um að halda áfram baráttunni fyrir fordómalausum samfélagi og jöfnum tækifærum allra.*

--

Virðingarfyllst,

Óskar Steinn Ómarsson,

formaður Bersans - Ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði.

